Persónuverndarstefna Primex ehf.

Data Protection Policy of Primex ehf.

Icelandic (Original)

Útgefið: 23. nóvember 2023

PERSÓNUVERNDARSTEFNA PRIMEX EHF..

MARKMIÐ

Primex er umhugað um persónuvernd og öryggi persónuupplýsinga sem félagið býr yfir hverju sinni. Primex vinnur með þær persónuupplýsingar sem félaginu eru veittar sem ábyrgðaraðili.

SKRÁNING OG VINNSLA

Primex skráir einungis þær upplýsingar um starfsfólk og aðra einstaklinga sem félaginu er skylt að varðveita í samræmi við lög og reglur, kjarasamninga, ráðningarsamninga, samþykki hins skráða eða vegna annarra lögmætra hagsmuna ábyrgðaraðila.

Primex notast ekki við sjálfvirka ákvarðanatöku, t.d. gerð persónusniðs, í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga.

Primex takmarkar vinnslu persónuupplýsinga við nauðsynlega vinnslu til að efna samning sem hinn skráði er aðili að eða til að gera ráðstafanir að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður. Einnig til að uppfylla lagaskyldu sem hvílir á félaginu og vernda brýna hagsmuni hins skráða.

ÖRYGGI, VISTUN OG VARÐVEISLA GAGNA

Primex leggur áherslu á að tryggja örugga varðveislu persónuupplýsinga með viðeigandi tæknilegum öryggisráðstöfunum.

English (Translation)

Published: 23 November 2023

DATA PROTECTION POLICY OF Primex EHF.

PURPOSE

Primex ehf. (“The Company”) is committed to the protection and security of personal data in its possession at any given time. The Company processes personal data provided to it as the data controller.

RECORDING AND PROCESSING

The Company records only those data about employees and other individuals that it is required to retain in accordance with laws and regulations, collective agreements, employment contracts, the data subject’s consent, or other legitimate interests of the controller.

The Company does not use automated decision-making, such as profiling, in connection with the processing of personal data.

The Company limits processing to what is necessary for the performance of a contract to which the data subject is a party, or to take steps at the request of the data subject prior to entering into a contract; to comply with a legal obligation; or to protect vital interests of the data subject.

SECURITY, STORAGE AND RETENTION

The Company emphasizes secure storage of personal data through appropriate technical and organizational safeguards.

Primex nýtir ekki persónuupplýsingar í öðrum tilgangi en þeim sem getið er þegar upplýsingar eru skráðar. Félagið afhendir ekki þriðja aðila persónuupplýsingar nema á grundvelli lagaheimildar, stjórnvaldsfyrirmæla, dómsúrskurðar, skriflegs vinnslusamnings eða samþykkis viðeigandi starfsmanns. Primex áskilur sér þó rétt til þess að afhenda þriðja aðila ópersónugreinanlegar upplýsingar í lögmætum tilgangi.

Personal data will not be used for purposes other than those disclosed at the time of collection. The Company does not disclose personal data to third parties except on the basis of a legal authorization, regulatory order, court order, written data processing agreement, or the relevant employee's consent. The Company reserves the right to disclose anonymized data to third parties for legitimate purposes.

Varðveisla gagna sem safnast vegna rafrænnar vöktunar er samkvæmt reglum um rafræna vöktun. Aðrar persónuupplýsingar eru ekki varðveittar lengur en nauðsyn krefur og eytt þegar þær teljast ekki lengur hagnýtar.

Data retained from electronic surveillance are stored in accordance with applicable rules on electronic monitoring. Other personal data are not retained longer than necessary and are erased when no longer useful.

RÉTTINDI ÞÍN

Með fyrirvara um skilyrði í gildandi löggjöf, átt þú rétt á: aðgangi, leiðréttingu og eyðingu; takmörkun/andmæli vinnslu; og flutningi persónuupplýsinga þinna. Þú hefur einnig rétt á að leggja fram kvörtun hjá eftirlitsyfirvaldi sjáir þú ástæðu til þess.

YOUR RIGHTS

Subject to the conditions set out in applicable legislation, you have the right to: access, rectification, and erasure; restriction or objection to processing; and data portability. You also have the right to lodge a complaint with the competent supervisory authority.

PERSÓNUVERNDARYFIRLÝSING TIL STARFSMANNA (ÚRDRÁTTUR)

Í tengslum við starf þitt mun Primex, sem ábyrgðaraðili, safna og vinna með persónuupplýsingar þínar í þeim tilgangi sem tilgreindur er hér. Dæmi um gögn: kennitölu, samskiptaupplýsingar, starfsheiti og deild, launa- og bankaupplýsingar, tímaskráningu, upplýsingar um menntun og fyrri störf, frammistöðumöt. Einnig geta verið unnar heilsufarsupplýsingar og aðild að stéttarfélagi í tengslum við laun og endurgreiðslur.

PRIVACY NOTICE TO EMPLOYEES (EXCERPT)

In connection with your employment, the Company, as the data controller, will collect and process your personal data for the purposes specified herein. Examples of data processed include: national ID number, contact details, job title and department, payroll and bank information, time records, information on education and previous employment, and performance evaluations. Health data and trade union membership may also be processed in connection with payroll administration and reimbursements.

Upptökur úr öryggismyndavélum eru geymdar í mesta lagi 30 daga. Aðgangur að myndefni er takmarkaður við þá sem þurfa vegna starfa.

Recordings from security cameras are retained for no more than 30 days. Access to recordings is limited to those who require it for their duties.

PERSÓNUVERNDARYFIRLÝSING TIL UMSÆKJENDA (ÚRDRÁTTUR)

Við meðhöndlun umsókna er unnið með: nafn, fæðingardag, netfang, heimilisfang, símanúmer, menntun og starfsferil, prófskírteini, meðmælendur og niðurstöður prófa/mata sem tengjast ráðningarferli. Gögn kunna að vera flutt til kerfis- og skýjaþjónustuaðila. Geymslutími umsóknargagna er að jafnaði 6 mánuðir.

PRIVACY NOTICE TO APPLICANTS (EXCERPT)

For the handling of applications, the Company processes: name, date of birth, e-mail, home address, telephone number, education and employment history, diplomas, references, and results of tests/evaluations related to the recruitment process. Data may be transferred to system and cloud service providers. The general retention period for application data is six months.

ENDURSKOÐUN

Persónuverndarstefnan er endurskoðuð reglulega og uppfærð ef þörf krefur.

REVIEW

This Data Protection Policy is reviewed regularly and updated where necessary.

Þannig samþykkt af stjórn þann 23. janúar 2025.

Approved by the Primex Board of Directors on 23 January 2025.